

EFTIRLITSSKÝRSLA

Icelandic Glacier Charr ehf. Ytri Tungu, Kirkjubæjarklaustri



Dags eftirlits	7.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Icelandic Glacier Charr ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Ytri Tungu	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	700710-0170	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Pórarinn Kristinsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu þess efnis að eftirlitsaðili fékk ekki þá aðstoð sem hann skal fá skv. reglugerð. Ein ábending var sett fram þess efnis að ef spilliefni eru í stöðinni þarf að fjarlægja þau og sjá til þess að þau fái viðeigandi meðhöndlun. Þrjú eldri frávik eru enn opin og bíða þess að rekstur hefjist að nýju í stöðinn. Þau snúa að skriflegum áætlunum sem þurfa að liggja fyrir áður en rekstur hefst, mælingum í fráveitu stöðvarinnar þegar stöðin er í rekstri og skráningum á rekstrarþáttum stöðvarinnar sem snúa að umhverfismálum.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð að Ytri Tungu, Kirkjubæjarklaustri sem samkvæmt upplýsingum eftirlitsaðila er í eigu Icelandic Glacier Charr ehf. Starfsleyfi rekstraraðila rann út þann 7. nóvember 2023. Engin starfsemi er í stöðinni og hefur ekki verið síðan í ágúst 2017.

Um var að ræða fyrirvaralaust eftirlit.

Nokkuð er um að búnaður, s.s. fóðrarar á kerjum og vatnslagnir, sem tengist rekstri stöðvarinnar, hafi ekki verið fjarlægður eftir að rekstri stövarinnar var hætt. Auk þess eru á lóðinni aðrir munir, s.s. vörubretti, sem tengjast ekki rekstrinum beint. Til að hægt sé að staðfesta lokun stöðvarinnar þarf að fjarlægja, eða koma fyrir með öruggum hætti þeim búnaði og munum sem geta valdið sjónmengun eða skaða á umhverfinu. Ef spilliefni eru í stöðinni þarf að fjarlægja þau og sjá til þess að þau fái viðeigandi meðhöndlun.

Þegar eftirlitsmaður var á staðnum hringdi hann í skráðan fulltrúa rekstraraðila sem sagðist hafa selt stöðina en vildi ekki gefa neinar upplýsingar um nýja eigendur eða fyrirætlanir þeirra. Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal rekstraraðili „aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur til að gera eftirlitsaðilanum kleift að framkvæma hvers kyns eftirlit með starfsemi.“ Skráð er frávik vegna viðbragða rekstraraðila.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018

Eftirlitsaðili fékk ekki þá aðstoð sem hann skal fá til að framkvæma eftirlit.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að rekstraraðili skal sjá til þess að spilliefni, ef einhver slík eru í stöðinni, fái viðeigandi meðhöndlun.

ANNAÐ

Rekstraraðili er minntur á að á meðan stöðinni er ekki lokað með formlegum hætti er hún á áætlun um reglubundið eftirlit.

Reykjavík, 20.12.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Freyr Ævarsson